

Dómsmálaráðuneytið
B.t. Bjargar Thorarensen
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. mars 2018

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um drög að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga


Hinn 9. mars sl. voru drög að frumvarpi til nýrra persónuverndarlaga birt á samráðsgátt stjórnvalda og umsagnarfrestur veittur til 19. mars 2018 („**frumvarpið**“). Frumvarpinu er ætlað að innleiða inn í landsrétt reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga („**reglugerðin**“).

Á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða („LL“) hefur farið fram rýni á efni og uppsetningu frumvarpsins. Við þá skoðun hafa komið upp vangaveltur um það hvort sú aðferðarfræði sem frumvarpið byggir á við innleiðinguna sé best til þess fundin að auðvelda aðgang almennings að þeim reglum sem gilda um persónuvernd. Frumvarpið er uppbyggt með þeim hætti að nær ávallt þarf að lesa saman lögin og reglugerðina til að geta áttað sig á þeim reglum sem gilda. Sem dæmi má nefna 26. gr. frumvarpsins, en af lestri ákvæðisins mætti ætla að ábyrgaraðila og vinnsluaðila sé ávallt skylt að halda skrá yfir vinnslustarfsemi. Aftur á móti við lestur á 5. mgr. 30. gr. reglugerðarinnar má sjá að svo er ekki nema þegar tiltekin skilyrði eiga við. Hér er því nauðstýnlegt að lesa saman tvær greinar til að átta sig á inntaki reglunnar.

LL vilja koma þeirri ábendingu á framfæri að skoðað verði hvort skýrara væri að breyta framsetningu frumvarpsins með þeim hætti að það annað hvort fjalli aðeins um þær sérreglur sem Íslandi er heimilt að setja eða að lögin séu heilstæð lög um persónuvernd, sem krefjast þess ekki að lesandinn þurfi að færa sig á milli laganna og reglugerðarinnar til að átta sig á þeim reglum sem gilda.

Landssamtök lífeyrissjóða þakka fyrir að fá tækifæri til að koma ábendingum á framfæri meðan frumvarpið er enn í vinnslu og lýsa sig reiðubúin til að senda fulltrúa til að funda með ráðuneytinu til að skýra frekar einstakar ábendingar og athugasemdir og eftir atvikum svara spurningum starfsmanna ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir,
framkvæmdastjóri